



Tölvunarfræði BSc

Lokaverkefni

Notendaprófanir

Teymi

Fannar Þór Ragnarsson

Sóley Ásgeirsdóttir

Steinar Haraldsson

Steinþór Kolbeinsson

Kennari

Hallgrímur Arnaldsson

Leiðbeinandi

Birgir Kaldal Kristmannsson

Prófdómari

Árni Fannar Þráinsson

Haust 2018

Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------------|----------|
| 1 Inngangur | 2 |
| 2 Notendaprófun | 2 |
| 3 Þátttakendur | 2 |
| 4 Verkefni | 3 |
| 4.1 Verkefni eitt | 3 |
| 4.2 Verkefni tvö | 4 |
| 4.3 Verkefni þrjú | 5 |
| 5 Niðurstöður | 6 |
| 5.1 Niðurstöður úr viðtalsspurningum | 6 |
| 5.2 Niðurstöður prófana | 6 |

1 Inngangur

Teymið ákvað að gera notendaprófanir þar sem notast var við hönnun sem Film Iceland hafði gert. Farið var niður í miðbæ Reykjavíkur þar sem rætt var við mögulega notendur. Þeim var sýnt skjáskot af kerfinu og einstaklingarnir voru beðnir að leysa þrjú verkefni. Þegar hver notandi voru búinn með verkefnin var hann spurður opinna spurninga.

2 Notendaprófun

Notendaprófununin var framkvæmd 17. september 2018. Teymið fann viðmælendur sem voru til í að taka þátt í notendaprófunum fyrir Film Iceland smáforrit. Notendur fengu tölvu með frumgerð af smáforritinu til að leysa einföld verkefni. Prófanirnar tóku u.þ.b. 15 mínútur fyrir hvern einstakling. Skráðar voru upplýsingar um notendur, aldur, kyn og tölvukunnáttu. Smáforritið var útskýrt fyrir notendum og síðan voru verkefnin lögð fyrir þá. Að því loknu var notandinn spurður opinna spurninga þar sem hann gat sagt sínar skoðanir og komið með tillögum að breytingum.

3 Þátttakendur


| Þátttakandi | Kyn | Aldur | Tölvukunnáttu |
|---------------|------|-------|---------------|
| Þátttakandi 1 | Kona | 22 | Góð |
| Þátttakandi 2 | Karl | 31 | Í meðallagi |
| Þátttakandi 3 | Karl | 23 | Góð |
| Þátttakandi 4 | Karl | 22 | Góð |
| Þátttakandi 5 | Kona | 25 | Í meðallagi |
| Þátttakandi 6 | Karl | 20 | Í meðallagi |

4 Verkefni

4.1 Verkefni eitt

Verkefni: Notandi á að fá upp upplýsingar um tökustað. Notandi á að smella á tökustað opna nýja valmynd fyrir valdan tökustað.

Viðmiðun: Notanda tekst að opna valmynd fyrir tökustað.




Mynd 1 - Opnar valmynd fyrir tökustað

Niðurstaða: Verkefnið gekk mjög vel og náðu allir viðmælendur að ljúka við verkefnið. Viðmælendum fannst þetta skýrt og augljóst hvernig ætti að hreyfa sig innan smáforritsins.

4.2 Verkefni tvö

Verkefni: Notandi á að fá upp vegvísi fyrir tökustað. Notandi á að smella á tökustað, opna nýja valmynd fyrir valdan tökustað. Þar á notandinn að smella á skoða nánar til þess að fá upp nánari upplýsingar um valdann tökustað. Þar er hægt að velja vegvísi.




Mynd 2 - Notandi fær leiðarvísi að tökustað

Viðmiðun: Notanda tekst að opna valmynd fyrir tökustað, kafa dýpra með skoða nánar takkanum og velja vegvísi.

Niðurstaða: Í heildina litið voru niðurstöðurnar ekki nægilega góðar þar sem aðeins helmingur notanda gat leyst verkefnið án vandræða.

4.3 Verkefni þrjú

Verkefni: Notandi á að finna spurningaleik fyrir valda mynd. Notandi á að smella á tókustað opna nýja valmynd fyrir valdan tókustað. Þar á notandinn að smella á skoða nánar til þess að fá nánari upplýsingar um valinn tókustað. Þar er hægt að velja spurningaleik sem opnar nýjan glugga með spurningaleik.



Mynd 3 - Notandi fær leiðarvísi að tókustað

Viðmiðun: Notanda tekst að opna valmynd fyrir tókustað, kafa dýpra með skoða nánar takkanum og velja spurningaleik.

Niðurstaða: Meirihluta notenda gekk vel að leysa þetta verkefni því hægt var að sjá svarið í verkefni 2.

5 Niðurstöður

5.1 Niðurstöður úr viðtalsspurningum

Notendur voru með góðar hugmyndir. Bæði voru þetta hugmyndir af virkni sem mætti sleppa, einnig komu þeir með hugmyndir um viðbætur fyrir forritið.

1. Listi á aðalvalmynd yfir tökustaði.
2. Einfalda flæði í smáforriti. Sleppa valmynd með skoða nánar takkanum.
3. Heim takki við hliðina á Film Iceland merki á öllum valmyndum. Gera heim takkann skýrari.
4. Sía fyrir neðan leitina svo hægt sé að gera nákvæmari leit.
5. Fá tilkynningar þegar að tókur eru í gangi á Íslandi.
6. Þegar tókur standa yfir væru þær merktar með öðrum lit á kortinu.

5.2 Niðurstöður prófana

| Klárað án vandræða | | | | |
|---------------------------|------------|------------|------------|---------------------------|
| | Verkefni 1 | Verkefni 2 | Verkefni 3 | Hlutfall leystra verkefna |
| Viðmælandi 1 | Já | Nei | Já | 67% |
| Viðmælandi 2 | Já | Já | Já | 100% |
| Viðmælandi 3 | Já | Já | Já | 100% |
| Viðmælandi 4 | Já | Nei | Nei | 33% |
| Viðmælandi 5 | Já | Nei | Nei | 33% |
| Viðmælandi 6 | Já | Já | Já | 100% |
| Hlutfall leystra verkefna | 100% | 50% | 67% | |